

Nefndarsvið alþingis  
bt. efnahags- og viðskiptanefndar  
Tjarnargötu 9  
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2024

**Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um fyrirtækjaskrá o.fl. lögum. Mál nr. 627. á 154. lögjafarþingi.**

Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð (hér eftir samtökin) þakka fyrir tækifærið til að koma á framfæri umsögn við ofangreint mál. Meginmarkið frumvarpsins er að lögfesta heimildir ríkisskattstjóra til að miðla og veita aðgang að upplýsingum og gögnum úr fyrirtækjaskrá, ársreikningaskrá og skrá um raunverulega eigendur.

Með frumvarpinu er ætlunin að innleiða evrópskar tilskipanir sem skylda aðildarríki til að veita aðgang að tilteknum upplýsingum og gögnum sem geymd eru í aðal-, fyrirtækja- og félagaskráum ríkjanna, í gegnum sameiginlegt samtengingarkerfi aðildarríkjanna. Er þetta talið nauðsynlegt til að skapa viðskiptavænna laga- og skattaumhverfi, efla samkeppnishæfni evrópskra fyrirtækja með því að draga úr stjórnslubyrði og auka réttarvissu og um leið nýta upplýsinga- og fjarskiptatækni til að bæta samskipti yfir landamæri.

Í frumvarpinu eru því lagðar til breytingar á lögum um fyrirtækjaskrá, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga og þar með veita ríkisskattstjóra fyrrgreindar heimildir til að veita aðgang að upplýsingum. Með frumvarpinu eru einnig lögfestar reglugerðarheimildir ráðherra um almennan aðgang að upplýsingum úr fyrirtækjaskrá og um gjaldtöku fyrir þær, svo sem vegna útgáfu vottorða og staðfestinga.

Samtökin telja rétt að vekja athygli á því að framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnar ESB 2021/369 hefur samkvæmt opinberum upplýsingum ekki enn verið tekin upp í EES-samninginn. Er ítrekaðar tilvísanir til hennar óheppilegar án þess að skýrar sé kveðið á um að hvað hana varðar sé ekki um ræða innleiðingu á EES-gerð, sbr. 7. gr. EES- samningsins. Er þessi aðferð óheppileg og mikilvægt í ljósi gagnsæis að tilgreina og rökstyðja sérstaklega í greinargerð með frumvarpi þegar verið að vísa til gerða sem ekki hafa verið teknar upp í EES-samninginn.

Samtökin fagna þeim markmiðum sem stefnt er að með frumvarpinu um aukið aðgengi að rafrænum upplýsingum í fyrirtækjaskrá en vilja jafnframt ítreka mikilvægi þess að þær upplýsingar sem frumvarpið fjallar um verði birtar með aðgengilegum hætti líkt og þekkist víða erlendis. Gagnsæi og aukið aðgengi að upplýsingum um fyrirtæki er í takt við almenna réttarþróun og getur haft jákvæð samfélagsleg áhrif, m.a. með því að byggja undir traust á viðskiptalífinu, vinna gegn peningaþvætti og auðvelda fyrirtækjum að uppfylla auknar skyldur sem lagðar eru á atvinnulífið.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Heiðrún Björk Gísladóttir

f.h. Viðskiptaráðs Íslands



María Guðjónsdóttir